



Erlendum ferðamönnum fjölgaði um tæp 10% í október

Alls fóru tæp 200 þúsund erlendra ferðamanna um Leifsstöð í október samkvæmt talningum Ferðamálastofu og Isavia. Til samanburðar voru erlendir ferðamenn 182 þúsund í október í fyrra og er fjölgunin milli ára því 9,7%.

Frá áramótum hafa 2.028 þúsund erlendir ferðamenn farið um Leifsstöð í samanburði við 1.915 á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs. Fjölgunin milli ára er því 5,9%, en við gerum ráð fyrir um 6% fjölgun milli ára fyrir árið í heild í nýbirtri þjóðhagsspá okkar.

Bandaríkjamenn fjölmennasti hópurinn...

Ef skoðuð er skipting eftir þjóðerni sést að Bandaríkjamenn eru fjölmennasti hópurinn. Það sem af er ári hafa 630 þúsund Bandaríkjamenn farið um Leifsstöð, sem er 30% af öllum erlendum gestum. Næst fjölmennasti hópurinn eru Bretar (233 þúsund manns, 11,5% af heildarfjölda) og Þjóðverjar (163 þúsund manns, 6,3% af heildarfjölda).

... og þeim heldur áfram að fjölga



Mesta fjölgun milli ára var einnig meðal Bandaríkjamanna sem fjölgaði um 114 þúsund milli ára (+22%) á fyrstu tíu mánuðum ársins. Þar á eftir fjölgaði Pólverjum næstmest um 25 þúsund manns (45%), en ætla má að stór hluti þessa hóps sé ekki ferðamenn.

Mesta fækkunin var í fjölda Breta sem fækkaði um 19 þúsund manns milli ára (-7,7%) og fjölda Þjóðverja sem fækkaði um 17 þúsund manns milli ára (-11,7%).

Breytt samsetning í hópnum

Sé skipting ferðamanna eftir markaðssvæðum skoðuð yfir lengri tímabil sést að veruleg breyting hefur orðið þar á.

Árið 2011, þ.e. fyrsta ár uppsveiflunnar í ferðapjónustu, voru Norðurlöndin mikilvægt markaðssvæði íslenskrar ferðapjónustu en um 24% allra ferðamanna sem komu til landsins það ár voru





frá einhverju hinna Norðurlandanna. Hlutfall þeirra hefur dregist nokkuð jafnt saman síðan þá og voru einungis 7% þaðan það sem af er ári. Árið 2011 voru 64% ferðamanna frá Evrópu, en þetta hlutfall er komið niður í 38%.

Samhliða hlutfallslega minnkandi mikilvægi Evrópu hefur hlutfall erlendra ferðamanna sem koma frá Norður-Ameríku hækkað úr 18% í 36% og hlutfall erlendra ferðamanna sem eru hvorki frá Evrópu né Norður- Ameríku farið úr 19% í 27%.

Vísbendingar um að erlendir ferðamenn stoppi skemur




Við höfum ekki beinar mælingar á hversu lengi hver ferðamaður stoppar hérna á landi. Heildarfjöldi gistinátta erlendra ríkisborgara á hótélum og gistiheimilum deilt með fjölda erlendra ferðamanna ætti hins vegar að gefa einhverja vísbendingu þar um.

Meðalfjöldi gistinátta hefur dregist saman og var á tólf mánaða tímabilinu október 2017 - september 2018 um 1,7 og hefur verið að dragast nokkuð jafnt, en hægt, saman síðustu ár. Til samanburðar var þessi tala um 2,2 árið 2011.

Bæði nafngengi og raungengi íslensku krónunnar hefur hækkað verulega síðan 2011. Svo virðist sem aukinn kostnaður við Íslandsferðir komi frekar fram í styttri dvöl erlendra ferðamanna en að gengisstyrkingin dragi úr fjölda þeirra.

Óveruleg breyting á meðalveltu á ferðamann í erlendum gjaldeyri

Ef við skoðum meðalveltu greiðslukorta erlendra ferðamanna hér á landi þá sést að það hefur verið óveruleg breyting seinustu ár. Þetta kemur svo sem ekki á óvart enda viðbúið að ferðamenn séu almennt séð tilbúnir að verja ákveðnum upphæðum í ferðalög sín sem taki fremur litlum breytingum yfir tíma mælt í þeirra eigin gjaldmiðli.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.